

3. maí 2011
SI-74565

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (eigið fé, útlánaáhætta o.fl.), 696. mál

Með tölvubréfi dags. 15. apríl 2011 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Megintilgangur frumvarpsins er að innleiða tilskipun nr. 2009/111/EB en þar er einnig að finna smávægilegar breytingar á öðrum ákvæðum laganna, svo sem um hæfi til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækja og ákvæði er varða upplýsingar um greiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna í ársreikningi.

Almennar athugasemdir

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um viðbætur við 29. gr. a. og þar er lögð til ný 29. gr. b. með heitið „færsla á útlánaáhættu“ og á hún að hljóma svona:

„Séu viðskiptabanki, sparisjóður eða rafeyrisfyrirtæki hvorki útgefandi (e. originator), umsýsluaðili (e. sponsor) né upphaflegur lánveitandi (e. original lender) bera þau ekki útlánaáhættu í formi verðbréfunar nema verðbréfunin uppfylli reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi getur ekki undanskilið verðbréfun, sem seld hefur verið öðrum aðila, við útreikning á eiginfjárförf nema útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi haldi eftir ákveðnum hluta áhættunnar.“

Hér er í fljótu bragði ekki auðvelt að sjá hvort verið sé að fjalla um efnisleg réttindi eða þá hvort einungis sé verið að fjalla um einhverjar „reiknikúnstir“ sem engu máli skipti fyrir skuldbindingargildi þeirra gerninga sem um ræðir. Ummæli í greinargerð eru síst til að varpa einhverju ljósi á þetta. Ef ætlunin er að aðilar verði ekki skuldbundnir efnislega vegna verðbréfunar þá er hentugra að setja það fram með þeim orðum að slíkir gerningar séu óskuldbindandi fyrir viðkomandi aðila – það að bera ekki útlánaáhættu er ekki viðtekið lagamál.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Ákvæði 29. gr. b. verði breytt til að endurspegla betur það umhverfi sem greinin kemur inn í, hún hljóði þá svona:

„Við útreikning á eiginfjárförf bera viðskiptabanki, sparisjóður eða rafeyrisfyrirtæki, sem hvorki eru útgefandi (e. originator), umsýsluaðili (e. sponsor) né upphaflegur lánveitandi (e. original lender), ekki útlánaáhættu í

formi verðbréfunar, nema verðbréfunin uppfylli reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Við útreikning á eiginfjárförf geta útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi ekki undanskilið verðbréfun sem seld hefur verið öðrum aðila, nema útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi haldi eftir ákveðnum hluta áhættunnar.“

Að bætt verði við athugasemdir í greinargerð við 3. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um a-lið (29. gr. b.), þessari setningu í byrjun: „Í ákvæðinu er fjallað um það hvar áhættan liggi við útreikning á eiginfjárförf þegar um ræðir verðbréfun í ákveðnum tilfellum.“

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Guðmundur Kr. Tómasson
aðstoðarframkvæmdastjóri